

Sjálfstæðisstefnan byggist fyrst og fremst á frelsi, bæði athafnafrelsi og andlegu frelsi

Góðir áheyrendur!

ÞEÐGA alþingiskosningar standa fyrir dyrum rísa öldurnar oft hátt. Það er karpað um menn og málefni. Stundum verða deilur að mestu persónulegar, stundum dægurþras. En þá getur verið hollt að rifja upp fyrir sér, hverjar eru grundvallarstefnurnar, meginþónarmiðin, sem skilja stjórnflokkana sundur.

Í hugum sumra kjósendanna er pólitíkin ekki annað en rifrildi um dægurmál og baráttu um það, hvort þessi eða hinn eigi að hafa völdin í landinu. En í rauninni er djúpstæður skoðanamunur milli ýmissa stjórnmálaflokka.

SJÁLFSTÆÐISSTEFNAN

Sjálfstæðisstefnan byggist fyrst og fremst á frelsi, bæði athafnafrelsi og andlegu frelsi. Frjáls framtak er ein sú megin stoð, sem Sjálfstæðisflokkurinn byggist á, sá aflvaki, sem best hefur lyft íslensku þjóðinni til velmegunar og menningar. Saga okkar Íslendinga í þúsund ár sýnir og sannar þetta. Hvert spor, sem þjóðin hefur stigið til aukins frelsis, hvort sem er í stjórnfari, athafnalífi eða viðskiptum, hefur jafnan þýtt nýjar framfarir, meiri velmegun, meiri menningu.

En einokun, ófrelsi, hefur alltaf leitt af sér afturför og örbirgð. Íslendingar þekkja af þúsund ára sögu sinni svo vel afleiðingar ófrelsis og fjöttra, að þeir ættu ekki að vera ginkeyptir fyrir þeim sósíalistiska boðskap að keyra allt athafna- og viðskiptalíf að nýju í einokun og þjóðnýtingarfjötra.

Og eins og frelsi þarf að ríkja í atvinnumálum almennt, eins þarf verzlunin að vera frjáls. Vafalaust er verzluninni áfátt í ýmsum greinum; álagning stundum of mikil og óeðlilegur hagnaður. En þeir ágallar stafa ekki af því, að verzlunin sé of frjáls, heldur af hinu, að verzlunarfrelsi okkar er enn of lítið. Hér sem annars staðar mættum við gjarnan hafa í huga orð Jóns Sigurðssonar, en hann sagði, að atvinnu- og verzlunarfrelsi mætti ekki missa, þar sem nokkurt fjör og dugnaður ætti að komast á fót. Og að því frjálsari sem verzlunin væri, því hagsælli yrði hún landinu.

FRELSI OG SAMSTARF

Sjálfstæðisstefnan boðar einnig andlegt frelsi, mannréttindi, mannhegi. Við verðum að virða og halda í heiðri trúfrelsi, málfrelsi, prentfrelsi, funda- og félagaþrengi. En öll þessi mannréttindi, sem eru helg í okkar augum, hafa einræðisstefnur og ofbeldisseggir fótum troðið á öllum öldum, ekki sízt þeirri öld, sem nú er rösklega hálfnuð.

Í gær var hún mäske brún þessi böðulshönd, sem blóðug og rauð í dag sínu vopni lyftir.

Meðan einræðisöfl kommúnismans halda hundruðum milljónum manna í helgreipum, er vissulega ekki ástæðulaust að minna á verndun þessara sjálfstöðu mannréttinda. Og útsendarar hins alþjóðlega blóði drifna kommúnisma biðla enn í dag til íslenskra kjósenda, þótt kommúnistaflokkurinn breiði nú yfir nafn og númer og hafi fengið sauðargæru Hannibals að láni til að hylja úlfshárin.

Og þriðja meginboðorð sjálfstæðisstefnunnar er samstarf og aukinn skilningur milli stétta og héraða: stétt með stétt.

Okkur er ljóst, að hagsmunir stéttanna eru svo samvinnu- aðir, að hinir sameiginlegu hagsmunir eru margfalt meiri og stærri, en ágreiningurinn um skiptingu arðsins. Hér vaða uppi þróingsýnir stétt-

Ræða Gunnars Thoroddsens borgarstjóra við útvarps- umræðurnar í fyrrakvöld



Gunnar Thoroddsen borgarstjóri

flokkar, sem boða í orði og verki stéttabaráttu og stéttahatur, sem jafnvel lifa á því að eigna til úlfúðar og zsa eina stétt gegn annarri, strjálbýli gegn þéttbýli.

Til þess a leysa hin margvíslegu vandamál þjóðfélagsins verður að auka skilning og samstarf stéttanna. Sá aukni skilningur er öruggasta og áhrifamesta ráðið til þess að tryggja vinnufrið í landinu.

Og í þessu sama skyni þarf gagnagera endurskoðun á löggjöfinni um sáttatílaunir í vinnudeilum. Það á ekki að reyna settir þá fyrst, er vinnudeila er til orðin og oft hlaupin harðneskja í báða aðila. Sáttastarfsemi þarf að vera að verki allan ársins hring með fulltrúum frá ríkisvaldinu, verkamönnum og atvinnurekendum, fulltrúum, sem fylgjast að staðaldrí með greiðslu getu og afkomu atvinnuveganna og lífskjörum fólksins. En slík skipan mála hefur nú verið reynd um nokkurra ára blí hjá hinu miklu menningarþjóð Hollendingum með ágætum árangri.

Ég hef nefnt hér nokkur meginatriði, grundvallarþónarmið, sem Sjálfstæðisflokkurinn byggist á. Á þeim grundvelli viljum við Sjálfstæðismenn byggja starf okkar til sífellt stórstígari framfara, batnandi lífskjara fyrir alla alþýðu manna og aukna menningu.

Fyrir áhrif þessara sjónarmiða undanfarið áratug í stjórn landsins, hafa framfarir orðið hér meiri en áður eru dæmi til. Fyrir áhrif þessara stefnu hefur höfuðborgin vaxið og dafnað um áratugi, þannig að lífskjör eru hér meiri en annars staðar. Og að hingað

sækja þúsundir manna víðs vegar af landinu á ári hverju, til þess að setjast hér að.

FORTÍÐ HRÆÐSLU- BANDALAGSINS

En nú er þjóðinni boðið upp á aðra stefnu, aukin ríkisafskipti, aukna fjöttra á athafna- og viðskiptalíf. Stefnur Framsóknar og Alþýðflokksins, sem þýðir óháðkvæmlega meðal annars minni atvinnu og færri íbúðir. Og leiðtogar þessa bandalags bjóða þjóðinni að leiða hana inn í hið fyrirheita land, það paradísar-ástand, sem hér ríkti undir samstjórn þeirra 1934–'38. Og hvernig var sú blessun? Ég skal

aðeins láta ykkur, hlustendur góðir, heyra lýsingu eins af þingmönnum Framsóknarflokksins á því ástandi, Halldórs Stefánssonar, sem lengi sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn og gaf út bók, er hann nefndi: Refskák stjórnmálanna. Þar segir:

„Innávið, þegar þingið kom saman 1939, var ástandið þetta: Ríki, bankar og atvinnurekendur til lands og sjávar voru á yztu nöf gjaldþrots. Bæjar- og sveitarsjóðir margir höfðu orðið að sæta nauðasamningum eða voru „hreinslega“ gjaldþrota. — Greiðsluvandráðin í viðskiptunum við útlönd voru svo miskunnarlaus, að oft þurfti að biða mánuðum saman eftir smávægilegum gjalddeyrissafgreiðslum. Ríkið sjálft var í vanskilum með erlend og innlend lán sín. Fiskiskip í tugatali höfðu ekki komið á veiðar sökum skulda og láns-traustsskorts. Jarðir voru auglýstar í tugatali vegna vanskila á lánum, sem á þeim hvidu. Verkamenn og bændur voru sokknir í eynd og atvinnuleysi fyrir forgöngu „stjórnar hinna vinnandi stétta“. Fátækraþyrðin hafði meir en tvöfaldast

undir þeirri virðulegu stjórn. Ríkisútgjöldin höfðu vaxið um þriðjung. Þjóðin var vonsvikin af stjórn sinni og vonlaus um framtíðarhag sinn.

Glöggari einkenni um óstjórn — aðeins fimm ára — er vart auðið að hugsa sér“.

Þessi eru ummæli Halldórs Stefánssonar fyrrum þingmanns Framsóknarflokksins.

Ég ætla, að þeir kjósendur verði fái, sem óska eftir þessu ástandi að nýju, en það bjóða Framsóknar- og Alþýðflokkurinn okkur nú upp á.

Góðir hlustendur!

Ísland á mikla og hjarta framtið. Auðlindir þess til lands og sjávar eru óþrjótandi. En til þess að landsmenn geti hagnýtt þær sem best þarf hjartásyni og stórhug. Íslendingar þurfa ekki á að halda hræddum bólsýnimönnum, sem líkja framfarasókn íslensku þjóðarinnar við eyðimerkururgöngu.

Framtíð Íslands byggist á frelsi, að andleg og líkamleg orka fái að njóta sín. Þá mun þjóðinni vel farnast. Þá munum við öll ganga áfram veginn til sívaxandi velmegunar og meiri menningar í okkar fagra hjartfólga landi.

„Íslenzk listiðn“

Fimmtudaginn 14. þ.m. hélt félagið „Íslenzk listiðn“ aðalfund sinn í Sjálfstæðishúsinu. Form. félagsins, Lúdvíg Guðmundsson, skólastjóri, flutti skýrslu um nokkrar helztu framkvæmdir félagsins á liðnu starfsári. Ritari fél., Björn Th. Björnsson, listfr., sem var fulltrúi félagsins á sýningu og alþjóðlegu þingi um listiðnaðarmál í Helsingborg í fyrra, skýrði frá störfum þingsins.

Í samvinnu við vörusýninga-nefnd ríkisins tók fél. „Íslenzk listiðn“ þátt í alþjóðlegri listiðnaðarsýningu í München voríð 1955. Öðru sinni tók félagið þátt í hinni alþjóðl. listiðnaðarsýningu, sem áftur var haldin í München í vor. Hlaut ísl. sýningin hina beztu dóma almennings og kunnáttumanna. Einn af ísl. sýnendunum, frú Ásgerður Ester Búadóttir hlaut heiðurskjal og gullverðlaun frá ríkisstjórninni í Bayern fyrir myndofíð veggklæði. Skömmu eftir að sýningunni í München lauk, barst félaginu boð um að taka þátt í sýningu á nýttísku silfur- og gullsmíði, sem haldin verður í Augsburg í Þýskalandi síðar í sumar. Mjög er vandað til þessarar sýningar í Augsburg, en borgin er frá fornu fari víðfræg fyrir list-

rænt silfur- og gullsmíði. Aðeins 14 löndum, utan Þýskalands, er boðið að taka þátt í sýningu þess ari.

Að undanförmu hefur félagið „Íslenzk listiðn“ staðið í samningum við danska listiðnaðarfélagið, um að haldin verði dönsk listiðnaðarsýning í Reykjavík næstkomandi haust eða vetur. Eru nú miklar líkur á, að úr þessu geti orðið.

Í árslok 1957 verður haldin mikil listiðnaðarsýning í París. Menntamálaráðuneytið franska, sem stendur að sýningunni, hefur boðið menntamálaráðuneyti Íslands að hafa forgöngu um þátt töku af Íslands hálfu.

Aðalfundinum var stjórn kosin og hlutu þessir kosningu: formaður: Lúdv. Guðmundsson skólastj., varaform. Sveinn Kjarkval húsgagnaarkitekt og meðstjórnendur Björn Th. Björnsson listfr., Ragnar Jónsson hestaréttarlögm., Þorleifur Kristófersson húsg.teiknari og Gunnar J. Friðriksson forstj. Endurskoðendur voru kosnir Sigurður Guðmundsson arkitekt og Ágúst Sigurmundsson myndskeri.

Loks var á fundinum ákveðið, að stofna fimm manna sýninga- og gæðamatsnefnd.

Andspyrnuhreyfingin í Tíbet myndar bráðabirgðastjórn

KATMANDU, Nepal: — Stöðugt fleiri hirðingjaflokkar í Tíbet skipa sér nú undir merki andspyrnuskú andspyrnuhreyfingarinnar „Dhakpoi Chendui“. Hafa hirðingjarnir snúist gegn þeim ráðstöfunum, sem kínversk yfirvöld hafa gert til þess að neyða bændur og hirðingja til að vinna á samyrkjubúum. Fregnir þær, sem nú berast um vaxandi óeirðir í Tíbet, eru komnar frá flóttamönnum, sem undanfarið hafa flúið til Nepal.

Af þessum fréttum að dæma skiptast Tíbetbúar í tvo höfuðflokka — annar skipar sér að baki hins unga Dailai Llama, sem þjóðin virðist álíta foringja sinn í frelsisbaráttunni, þó að hann hafi ekki gengið í berhögð við kín-

versk yfirvöld — hinn flokkurinn stendur að baki Panchen Llama, sem verið hefur auðmjúkur leppur kínverskra kommúnista að því er flóttamennirnir segja.

★ ★ ★

Andkommúniska andspyrnuhreyfingin hefir nú komið á fót tveim bráðabirgða stjórnunum í Vestur-Tíbet og í Austur-Tíbet. Hefir nú verið hafist handa um öflugan andröður gegn kommúnistum og Panchen Llama.

Flóttamennirnir segja svo frá, að hersveitir Golokættflokksins hafi brennt til grunna nokkra

landbúnaðarskóla, sem kommúnistar höfðu látið reisa í Austur-Tíbet. Var þetta skömmu eftir að sveitir Golokættflokksins höfðu ráðizt á kínverska setuliðið í Chamdo, fellt 600 kínverska hermenn og náð á sitt vald nýttísku vopnum og skotfærum.

★ ★ ★

Til nokkurra óeirða hefir komið undanfarið í höfuðborginni Lhasa, þar sem kínversk yfirvöld höfu víðtækar hreinsanir til að stemma stigu við vaxandi fylgi andspyrnuhreyfingarinnar.